

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2020, miðvikudagur 18. nóvember var haldinn 386. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:05 í Hofi, Borgartúni 12-14. Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Alexandra Briem, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Ragna Sigurðardóttir, Egill Þór Jónsson og Kolbrún Baldursdóttir tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1076/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, Agnes Sif Andrésdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir og Randver Kári Randversson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar varðandi stöðu geðheilbrigðismála í Reykjavík vegna kórónuveiru – til upplýsingar. VEL2020110003

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð felur velferðarsviði að undirbúa samráðsfund um geðheilbrigðismál í byrjun janúar. Þar verði farið yfir þau gögn sem liggja fyrir um geðheilbrigði Reykvíkinga í COVID-19 faraldrinum í samvinnu við aðila á borð við Landlæknisembættið og Rannsóknir og greiningu. Í kjölfarið verði unnin aðgerðaráætlun.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að borgarstjórn hafi samþykkt tillögu Sjálfstæðisflokksins um að gerð verði úttekt á stöðu geðheilbrigðismála hjá Reykjavíkurborg vegna kórónuveirunnar. Markmið tillögunnar er að unnin verði aðgerðaráætlun sem fylgt verði eftir. Tillagan gerir ráð fyrir því að vinnan verði unnin í samstarfi við fagaðila á sviði geðheilbrigðismála ásamt fulltrúum frá samtökum sem sinna geðheilbrigðismálum. Lagt er til að vinnu við greiningu og aðgerðaráætlun ljúki eigi síðar en í árslok 2020 og niðurstöðunni verði skilað til borgarráðs. Aðgerðaráætlun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2021.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sjálfsgagt er að skoða hlut borgarinnar í að gera úttekt á stöðu geðheilbrigðismála til að sjá hvað þarf að gera betur eða öðruvísi. Mestar áhyggjur eru af þeim sem eru veikir fyrir, andlega og líkamlega og þeim sem hafa tapað lífsviðurværi sínu. Hvað tekur meira á andlegu hliðina en að missa vinnuna, vera skyndilega komin á bætur? Mörg börn eru einnig kvíðin og huga þarf að þeim sérstaklega. Fulltrúi Flokks fólksins vill líka að velferðarráð og svið sendi frá sér jákvæð skilaboð og hvatningu til fólksins. Það er víska í óvissunni. Vissan er sú að ef við fylgjum leiðbeiningum sérfræðinga munum við ná yfirhöndinni og að það kemur bóluefni. Sem stjórnvald ber okkur að blása von í fólk á öllum tímum, sama hvað gengur á. Rafrænar lausnir bjarga miklu þótt þær komi ekki í staðinn fyrir nærveru. Tækifæri til hreyfingar hefur takmarkast en ekki skerast að fullu. Hvetjum fólk til að halda í vonina og hika ekki við að leita hjálpar. Þeir sem leita hjálpar og ráðgjafar, mega alls ekki finna að erfitt er að ná í gegn, síma ekki svarað, erindum ekki svarað o.s.frv. Það mun verða aukin þörf á ráðgjöf og stuðningi vegna vaxandi atvinnuleysis.

2. Fram fer kynning um stöðuna vegna Covid-19 og næstu skref. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra um stöðuna á velferðarsviði vegna Covid-19 og áskoranir í þriðju bylgju, ásamt fylgigögnum. VEL2020110013

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð kemur á framfæri þökkum til sviðsins fyrir þá þrotlausu vinnu sem starfsfólk velferðarsviðs hefur lagt í til að tryggja öryggi og heilsu skjólstaðinga þess. Sú vinna sem hefur átt sér stað sýnir svart á hvítu fram á mikilvægi nærþjónustu sveitarfélaga, ljóst hefur orðið í heimsfaraldri að sú þjónusta er beinlínis lífsnauðsynleg. Þá bóka fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins eindreginn stuðning við ákall Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að sveitarfélögum landsins verði bætt upp þann kostnaðarauka sem hlýst af völdum COVID-19 eins og gert hefur verið víða á Norðurlöndunum.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur að börnum sem eru í vanlíðan sem rekja má beint eða óbeint til COVID ástandsins. Hvernig erum við að finna þessi börn? Hvaða aðferðir eru notaðar? Sum börn leyndu vanlíðan sinni. Hér er ekki endilega verið að tala um alvarlegustu málin, barnaverndarmál heldur börnin sem af einhverjum ástæðum vilja ekki eða eru hrædd við að bera áhyggjur sínar á torg. Fulltrúi Flokks fólksins ítrekar enn og aftur mikilvægi þess að fagfólk sé út í skólunum, þar sem þeir eru til staðar fyrir börnin. Það þarf einmitt að vera meiri vinna á vettvangi og tryggt samstarf við heilsugæslu og aðra aðila sem sinna sambærilegum málum. Sálfræðingar verða að fara að hafa vinnuáðstæður sínar alfarið í skólunum þar sem þeir eru aðgengilegir börnum, foreldrum og kennurum og geta sinnt handleiðslu og fræðslu eftir þörfum. Eins og vitað er eru biðlistar eftir þjónustu sálfræðinga langir í Reykjavík. Um 800 börn bíða eftir þjónustu. Það er því ekki á það bætandi að sálfræðingar skulu ekki hafa aðsetur í skólum heldur á þjónustumiðstöðvum. Þessu hefði átt að vera búið að breyta fyrir löngu.

Ólafía Magnea Hinriksdóttir, forstöðumaður, og Lilja Petra Ólafsdóttir, verkefnastjóri gæðamála í heimahjúkrun, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 18. nóvember 2020, um húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að auka stöðugildi á H121 um fjögur stöðugildi frá og með 1. febrúar 2021 til að koma til móts við þjónustuparfir þeirra kvenna sem þar munu búa. Áætlaður viðbótarkostnaður við rekstur H121 vegna þessa nemur 26 m.kr. á ári. sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs. VEL2020090012

Greinargerð fylgir.
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð óskaði eftir því á fundi þann 2. september að framtíðarlausn yrði fundin í húsnæðismálum fyrir þær konur sem dvalið hafa í tímabundnu úrræði sem starfrækt hefur verið með fjármagni frá félagsmálaráðuneytinu vegna Covid-19. Með því að samþykkja þessa tillögu fá 5 af þeim 14 konum sem þar hafa dvalið úthlutað „húsnæði fyrst“ íbúð. Mikilvægt er að fullnægjandi þjónusta sé til staðar fyrir íbúa í slíkum íbúðum og því er stöðugildum fjölgað til að geta veitt fleiri íbúum þjónustu. Mikilvægt er að vinna áfram að því að finna fjölbreyttar lausnir fyrir heimilislausar konur í Reykjavík þar til fundin hefur verið framtíðarlausn fyrir allar sem þar dvelja í tímabundnum úrræðum.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að sjá að verið sé að bæta í þjónustu við konur með flóknar þjónustubarfir. Það hallar mikið á konur þegar kemur að þjónustu við heimilislausa. Sóknarfæri hafa verið lengi fyrir Reykjavíkurborg í bættri þjónustu við þennan hóp. Það vekur hins vegar vekur upp spurningar hvort tímasetningar um aukna þjónustu til 1. febrúar 2021 geti valdið þjónustuþegum óöryggi á komandi vikum. Æskilegt er að einstaklingar í vanda búi við öryggi. Fyrir á kjörtímabilinu lagði Sjálfstæðisflokkurinn fram tillögu um samstarf við SÁÁ um rekstur á búsetuúrræði fyrir konur með langvarandi fíknivanda en Reykjavíkurborg hefur lengi rekið sambærilegt úrræði fyrir karlmenn í þessari stöðu. Þeirri tillögu var vísað frá.

Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 18. nóvember 2020, um áfanga í niðurlagningu herbergjasambýla:

Lagt er til að íbúum á herbergjasambýli í austurborginni verði boðin önnur búseta. Tveir fá boð um flutning í íbúðakjarnann í fjölbýlishúsinu að Elliðabraut og þrír fá boð um húsnæði með stuðningi í sama fjölbýlishúsi. Samhliða verði fjórum einstaklingum af biðlista eftir húsnæði með stuðningi boðin þjónusta frá Elliðabraut. VEL2020100035

Greinargerð fylgir.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Herbergjasambýli eru arfleidd fyrri tíma, sem betur fer eru sjónarmið afstofnanavæðingar og einstaklingsmiðaðrar þjónustu að verða ofan á. Þó ber að hafa í huga að það tekur tíma að byggja upp búsetukjarna bæði til að taka við hlutverki herbergjasambýla, og til að anna aukinni þörf sem fylgir fólksfjölgun, eins ber að taka tillit til þess að til eru einstaklingar sem vöndust við þjónustuna eins og hún var og eru ekki spenntir fyrir að umbylta sínu lífi, og það ber að virða eftir því sem unnt er. Hér er um að ræða að bjóða íbúum flutning í íbúðakjarna, og sjálfstæða búsetu með stuðningi, í húsnæði sem verið er að opna við Elliðabraut.

- Ólafía Magnea Hinriksdóttir, forstöðumaður, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lagt fram erindi borgarstjóra, dags. 30. október 2020, um neyslurými ásamt bréfi sviðsstjóra, dags. 10. nóvember 2020, til heilbrigðisráðuneytisins um viðræður. VEL2020100038

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Við viljum stuðla að því að neyslurými opni í Reykjavík. Markmið okkar er að halda áfram innleiðingu skaðaminnkandi hugmyndafræði í þjónustu Reykjavíkurborgar sem er mannréttindamiðuð nálgun sem byggist á því að draga úr skaða og aðstoða einstaklinga á þeirra eigin forsendum. Til að neyslurými verði að veruleika og nái þeim árangri sem lagt er upp með þarf samstarf við heilbrigðisráðuneyti um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Reyksla annarra landa sýnir að opnun neyslurýma dregur úr skaðlegum afleiðingum sem fylgja neyslu ávana- og fíkniefna. Neyslurými stuðla einnig að því að færri neyta slíkra efna utandyra á almannafæri og hafa neyslurými því einnig jákvæð áhrif á nærsamfélagið.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarstjórn samþykkti stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar stuðningsbarfir um mitt ár 2019. Eitt af markmiðum stefnunnar var að hefja formlegar viðræður við ríkið um nevslurými og heilbrigðisþjónustu fyrir bennan hóp sem um ræðir. Ákall er eftir fjölbreyttum úrræðum fyrir fólk með fíknivanda og það stvður Sjálfstæðisflokkurinn. Útgefnar skýrslur Reykjavíkurborgar sýna fram á að fíknivandi hafi aukist gríðarlega síðustu ár auk þess fjölgaði heimilislausum í Reykjavík um 95% á árunum 2012-2017. Það er iákvætt að síá ríkið og sveitarfélagið vinna að lausn fyrir bá einstaklinga sem hafa miklar og flóknar þjónustubarfir. Í gegnum tíðina hafa einstaklingar með bæði félagslegan og heilbrigðisvanda fallið milli kerfa með beim afleiðingum að þjónusta við hæfi er ekki til staðar. Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram tillögu í borgarstjórn á haustmánuðum 2018 til að koma m.a. í veg fyrir að einstaklingar með fíknivanda falli milli kerfa, auk þess að leggja meiri áherslu á forvarnir. Þeirri tillögu var vísað frá af meirihlutanum. Hins vegar er ánægjulegt að vinna sé hafin við að finna lausnir á þeim í þjónustu við einstaklinga með fíkní- og félagslegan vanda.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins bókaði um þessa tillögu meirihlutans í borgarstjórn ekki síst vegna undrunar þar sem þessi sama tillaga var lögð fram í borgarstjórn 20. nóvember 2018 sem meirihlutinn felldi bá. Þá var ekki mikill vottur af stuðningi við þetta mál og tók steininn úr í bókun þeirra þar sem borgin hafnar alfarið að taka ábyrgð á málinu með orðunum „að það sé verið skýr afstaða borgarinnar frá upphafi að um heilbrigðisþjónustu væri að ræða sem er á ábyrgð ríkisins en Reykjavíkurborg veitir notendum þjónustunnar félagslega þjónustu og ýmsan stuðning“. Fulltrúi Flokks fólksins harmar hversu illa var tekið í þessa tillögu Flokks fólksins árið 2018. Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði áherslu í tillögu sinni árið 2018 að miög brýnt væri að opna rými í Reykjavík þar sem vímuefnanotendur geta komið í hreint og öruggt athvarf, haft aðgang að heilbrigðisþjónustu og jafnframt fengið faglega aðhlynningu. Þá hefði verið lag og upplagt að Reykjavíkurborg hefði frumkvæði að viðræðum við ríkið um málið.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Öldin var ekki önnur, lögin voru önnur. Árið 2018 var ekki lagaheimild til að opna neyslurými.

6. Lagt fram að nýju erindi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 7. október 2020, um Selið ásamt umsögn velferðarsviðs. VEL2020100012

Umsögn sem lögð var fram undir 13. lið fundargerðar 385. fundar velferðarráðs, 21. október 2020, er afturkölluð. Ný umsögn lögð fram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarsviði er falið að stofna til samtals við íbúa og rekstraraðila um það hvernig megi koma til móts við þau sjónarmið sem hér eru uppi, og athuga hvort mögulegt sé að framlengja opnun Selsins um einhvern tíma, í því ljósi að rangar upplýsingar frá borginni gáfu væntingar sem íbúar kunna að hafa hagað sínum áformum eftir og slæmt ef þær forsendur bregðast með litlum fyrirvara.

7. Fram fer kynning á úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála nr. 274/2020 um bið eftir sértæku húsnæði. VEL2020110010

Helga Jóna Benediktsdóttir, skrifstofustjóri, og Ólafía Magnea Hinriksdóttir, forstöðumaður, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Lagt fram 9 mánaða uppgjör velferðarsviðs – Trúnaðarmál. VEL2020090009
9. Lagt fram uppgjör vegna sérstakra húsnæðisbóta. VEL2020110011

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir ítreka mikilvægi þess að samtímaeftirlit sé aukið með greiðslum sérstaks húsnæðisstuðnings eins og kostur er bannig að ekki safnist upp miklar ofgreiðslur þar sem um viðkvæman hóp er að ræða. Einnig er mikilvægt að velferðarsvið sé í reglulegu samráði við Húsnæðis- og mannvirkiastofnun sem sér um greiðslu og endurreikning almennra húsnæðisbóta þannig að greiðslur verði sem réttastar.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mjög bagalegt að vera að reikna skerðingar á húsnæðisstuðningi vegna tekna sem komu árið 2019. Staða fólks er ekki endilega góð núna í lok árs 2020 þó að fólk hafi fengið hærri tekjur árið 2019 og fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að skoða leiðir svo að fólk sé ekki skyndilega að greiða hærri leigu vegna skerðingar á húsnæðisstuðningi og mikilvægt því að uppgjör á stuðningi fari reglulega fram.

10. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 18. lið fundargerðar velferðarráðs þann 24. júní 2020, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 18. nóvember 2020, um úthringingar til eldri borgara. VEL2020070003

Vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata gegn þremur atkvæðum fulltrúa Flokks fólksins, Sósíalistaflokks Íslands og Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Verkefni um úthringingar á velferðarsviði til eldri borgara hófst á nýjan leik þann 6. nóvember sl. og hefur verið hringt í alla 85 ára og eldri sem búa einir og í kjölfarið farið neðar í aldur. Markmið verkefnisins að þessu sinni var að ná til allra sem búa einir og kanna hagi þeirra og líðan. Rauði Krossinn hefur rekið verkefni sem snýr að símavinum og er þeim sem vilja boðinn kostur á að fá áframhaldandi símtöl í gegnum það verkefni. Verkefnið er því áframhaldandi. Tillögunni er vísað frá þar sem málið er þegar komið til framkvæmdar.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu og er vísað frá var lögð fram 24. júní þegar fyrri bylgju COVID hafði létt. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð. Tillagan hefur verið í kerfinu í fimm mánuði og er svo bara vísað frá loksins þegar hún kemur aftur á dagskrá. Eigi verkefnið að verða viðvarandi er sjálfsagt að samþykkja tillöguna, ekki satt! Tillagan var að úthringingarverkefni sem gengið hafði vel myndi halda áfram og það útvíkkað enn frekar og bróað frekar. Í svari virðist sem því hafi verið hætt en síðan byrjað aftur í þriðju bylgju. Það sem fulltrúi Flokks fólksins er að segja með þessu öllu er að þetta verkefni byrji ekki og hætti í takt við COVID bylgjur heldur verði gert að viðvarandi verkefni, það útvíkkað og bróað áfram. Þeir sem ekki vilja símavin nú gætu viljað hann seinna o.s.frv. Hugsa má einnig um bá sem eru ekki á málaskrá borgarinnar og svo mætti lengi telja. Fyrir bá sem hringja er þetta einnig dýrmæt revnsla og í henni felst mikill lærdómur. Þetta verkefni bíður upp á fjölmarga spennandi möguleika.

11. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 22. lið fundargerðar velferðarráðs þann 19. ágúst 2020, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 18. nóvember, um að taka upp gjaldfrjálsar matarheimsendingar til eldri borgara sem mælast undir framfærsluviðmiði ásamt umsögn velferðarsviðs. VEL2020080022

Felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata, gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Flokks fólksins og Sósíalistaflokks Íslands. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Kostnaður við matarþjónustu er með beim lægsta í Reykjavík og því ekki talin börf á að niðurgreiða bá þjónustu frekar en nú er gert. Framreiðslueldhús velferðarsviðs mun áfram leggja metnað sinn í að bjóða næringarríkan mat á viðráðanlegu verði til þeirra sem burfa. Niðurgreiðsla á sjúkrabjálfun er á hendi Sjúkratrygginga Íslands enda um heilbrigðisþjónustu að ræða. Þar sem um verkefni ríkisins er að ræða er ekki hægt að samþykkja tillöguna.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögu um gjaldfrjálsar matarheimsendingar er vísað frá. Með tilkomu laga um félagslegan viðbótarstuðning segir að þeir 54 einstaklingar sem eru undir framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar og fengu fjárhagsaðstoð burfi ekki lengur fjárhagsaðstoð hjá velferðarsviði. Það vita það allir að bætur eru lágar. Það er sorglegt að fólk burfi að hafa fjárhagsáhvggiur síðustu árin sín. Það er ein setning í svari sem fer fyrir brjóstið á fulltrúa Flokks fólksins og það er eftirfarandi: “Það væri æskilegt að hvetja bá sem ekki geta eldað sjálfir að fara út af heimilinu í hádeginu frekar en að fá matinn sendan heim því það getur komið í veg fyrir félagslega einangrun”. Er hér verið að tala niður til eldri borgara? Er með þessum orðum verið að reyna að hafa “vit” fyrir eldri borgurum, eins og þeir viti ekki hvað þeim er fyrir bestu? Og hver á að greiða bá ferð, leigubílinn? Að bóka sig í mat á félagsmiðstöð getur verið streituvaldur fyrir fólk t.d. ef það verður veikt og kemst ekki út. Hver kemur bá með matinn til þeirra? Varðandi sjúkrabjálfunina bá getur verið erfitt að finna sjúkrabjálfa t.d. ef sjúkrabjálfi fer í fæðingarorlof. Það er alvarlegt ef fullorðið fólk fær ekki þá þjálfun sem það þarf til að draga úr stirðnun.

12. Lögð fram tillaga Sósíalistaflokks Íslands um samveru- og sköpunartorg, sbr. 5. lið fundargerðar borgarstjórnar þann 3. nóvember 2020. VEL2020110004

Samþykkt að vísa inn í stýrihóp um stefnumótun í þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk.

13. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 26. lið fundargerðar velferðarráðs þann 19. ágúst 2020, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 18. nóvember, um að starfsfólk sem sinnir þjónustu við eldri borgara fái aukið svigrúm og sveigjanleika til að sinna þjónustunni, ásamt umsögn velferðarsviðs. VEL2020080023

Samþykkt að vísa inn í starfshóp velferðarsviðs um endurskoðun reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni er vísað inn í starfshóp velferðarsviðs um endurskoðun reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík en hann er að vfirfara reglur um stuðningsþjónustu fyrir fullorðna en þegar hafa nýjar reglur verið samþykktar fyrir börn. Líóst er að við framkvæmd nýrra reglna um stuðningsþjónustu mun verða gert ráð fyrir auknu

svigrúmi og sveigianleika til að sinna þjónustu við eldri borgara í heimahúsi. Þannig má tryggja að innihald tillögunnar komist til framkvæmda.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Flokks fólksins er um aukið svigrúm starfsfólks að sinna eldri borgurum í heimahúsi. Í þessari umsögn segir að áður en þjónustan hefst er gert mat á þjónustubörf. Ekki er talað um börfina á endurmati á skiólstæðingum reglulega. Eldra fólki hrakar oft hratt og því nauðsynlegt að sú þjónusta við viðkomandi sé metin með reglulegu millibili og að heimahiúkrunin geti lesið úr aðstæðum. Fólkið er oft ekki sjálft að biðja um endurmat. Nauðsynlegt er að iðubjálfar komi líka að málum til að meta hvort hjálpartæki standist kröfur. Það skortir meira fjármagn í bennan bátt og umfram allt að starfsfólk fái nægt rými, svigrúm og sveigianleika til að geta sinnt sinni vinnu með fullnægjandi hætti. Fólk sem þjónustar eldri borgara sem búa einir heima er oft einu aðilar sem þeir hitta stundum í nokkra daga. Það er til mikils að vinna til að fólk þurfi ekki að fara á stofnun heldur getur verið heima. Þjónustustörf sem þessi eru erfið störf, krefjandi og launin hafa ávallt lág, og í engum takti við kröfur sem starfið gerir.

14. Lagt fram erindi mannréttinda og lýðræðisskrifstofu, dags. 7. október 2020, varðandi tillögu öldungaráðs um könnun á máltíðum fyrir eldri borgara, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 18. nóvember 2020. VEL20200100013.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Á fundi öldungaráðs þann 5. október 2020 var lögð fram tillaga fulltrúa Félags eldri borgara í Reykjavík um að óviðkomandi, óvilhallur aðili og til þess bær geri könnun á máltíðum. Þetta er góð tillaga en engu að síður var henni breytt þannig að þetta með „óháður aðili“ var tekið út og þess í stað sett að Reykjavíkurborg láti gera úttekt á máltíðum fyrir eldri borgara. Þessi breyting vekur upp margar spurningar. Af hverju má ekki leyfa óviðkomandi aðila að gera þessa úttekt. Hvernig á Reykjavíkurborg sífellt að gera könnun á sjálfri sér? Slíkar niðurstöður eru varla eins trúverðugar og væri það óháður, óvilhallur aðili. Vandí hefur verið í þessum geira ella væru ekki allar þessar gagnrýnisraddir sem ekki hefur verið nægjanlega hlustað á. Tillögum fulltrúa Flokks fólksins unnar með eldri borgurum og aðstandendum sem snúa að þessum málum var öllum hafnað. Lagt var m.a. til að farið yrði í endurskoðun á ýmsum þáttum, samsetningu, framleiðslu, afhendingu og möguleika á matarvali.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Munurinn á ytra og innra aðhaldi er vel bekkur, og vfirleitt sjá stjórnsýslueiningar um töluvert eftirlit með eigin starfsemi, vtri úttektir eru gerðar sjaldnar og bá að gefnu tilefni. Engin sérstök ástæða er til að ætla annað en að starfsfólk Reykjavíkurborgar sé full fært um að veita venjulegt aðhald með þessari þjónustu, eins og sjá má á nýstárlegum breytingum eins og facebook síðu framreiðslueldhússins þar sem hægt er að sjá hvað er í boði á hverjum degi og bera saman það sem hver og einn fær við það sem þar er að sjá.

15. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 12. nóvember, um samþykkt reglna velferðarsviðs um íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum. VEL2020090002

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessar reglur gera Reykjavíkurborg kleift að veita styrki til tekiulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Þetta er

liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins. Það er gríðarlega mikilvægt að samfélagið taki höndum saman og verji börn fyrir áhrifum faraldursins.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga er lögð fram í borgarráði að regluverki velferðarsviðs um íbrótta- og tómstundastyrki fyrir börn frá tekiulágum heimilum, sbr. tilmæli félagsmálaráðuneytisins. Tilmæli frá ríkinu eru að ekki skuli nota bennan styrk til að greiða frístundaheimili eins og gert er með Frístundakort Reykjavíkur. Þetta ættu að vera skýr skilaboð til borgarvfirvalda að hætta að taka réttinn af börnum til að nota Kortið til frístunda eingöngu eins og Frístundakortið var upphaflega hugsað. Frístundakortið er réttur barnsins og borgarvfirvöld eiga ekkert með að hrifsa bann rétt frá því. Að taka réttinn af barni til notkunar Frístundakorts til að borga nauðsynjar eins og frístundaheimili er óafsakanlegt. Rök meirihlutans eru: “Kostnaður við gjaldfrjálst frístundaheimili er mikill og ekki lagt til að fella niður aðild þeirra að Frístundakortinu að svo stöddu.” Af þessu má sjá að allt er þetta spurning um kostnað og hér eru börnin ekki ofarlega á forgangslista víst þau fá ekki að hafa Frístundakortið sitt í friði. Slök nýting í sumum hverfum er ábyrgð meirihlutans. Stefna ætti að því að Kortið verði fullnýtt í öllum hverfum.

16. Lagt fram bréf sviðsstjóra velferðarsviðs til félagsmálaráðuneytisins vegna kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu kostnaðar vegna greiddrar fjárhagsaðstoðar til þeirra sem eiga rétt á félagslegum viðbótarstuðningi við aldraða. VEL2020090055
17. Lagt fram svar sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 18. nóvember 2020, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 16. lið fundargerðar velferðarráðs þann 16. september 2020, um innleiðingu á matarstefnu Reykjavíkurborgar. VEL2020090042
18. Lagt fram svar sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 21. október, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 17. lið fundargerðar velferðarráðs þann 16. september 2020, um stöðu aðgerða í aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir. VEL2020090038

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í velferðarráði vill koma á framfæri bökkum til þeirra starfsmanna velferðarsviðs sem unnið hafa í málaflokki heimilislausra. Þær aðgerðir sem farið hefur verið í á þessu kjörtímabili sýna hversu mikilvægt var hjá minnihlutunum að setja málefnið á dagskrá strax eftir kosningar. Fjölgun heimilislausra jókst um 95% frá árinu 2012 til 2017. Leiða má líkur á því að málaflokkurinn hafi verið fjársveltur í fjölda ára og því mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu sem stefna málaflokksins kveður á um.

19. Lagt fram svar sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 18. nóvember, við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 14. lið fundargerðar velferðarráðs þann 16. september, um reglur um böðun í skammtímavistun. VEL2020090041

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ástæða fyrirspurnar Flokks fólksins um böðun í skammtímavistun var að nýlega var starfsmaður dæmdur fyrir að brjóta kynferðislega á konu í skammtímavistun á vegum Reykjavíkurborgar þar sem hann misnotaði aðstöðu sína. Fulltrúa Flokks fólksins hrís hugur við þeirri tilhugsun að kona á ábyrgð borgarinnar sé sett í bær aðstæður að einstaklingur af öðru kyni skuli eiga að aðstoða hana við böðun. Ekki er víst að sú kona geti sagt “nei ég vil ekki” og fyrir því geta verið fjölmargar ástæður eins og við vitum. Fulltrúi Flokks fólksins vill að engin kona verði sett í þessar aðstæður. Segir í svari að „ef upp koma aðstæður sem þessar gildi

sú regla að biðja þarf starfsmann um að kíkja inn með reglulegu millibili“. Þessi regla tryggir ekki að aðstæður séu öruggar. Hér dugir fátt annað en afgerandi regla. Ekki er verið að tortryggja alla starfsmenn en því miður veldur tilvik sem betta því að ekki er hægt að vera rólegur nema reglur séu skýrar, að aðstoð við böðun skuli aðeins veitt af aðila af sama kyni.

20. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í heimabiðnustu sem dæmi er biðlisti sökum manneklu. En nú begar atvinnuleysi er mikið og þar af leiðandi ekki skortur á mannaflí mætti ætla að hægt væri að manna heimabiðnustu sem og aðra velferðarbiðnustu að fullu. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þetta tækifæri hafi verið nýtt og hvort biðlistar hafi þá ekki styst verulega í velferðarkerfinu?

21. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kom í bókun velferðaryfirvalda við fyrri tillögu Flokks fólksins um að bæta við nýjum biðnustubætti eins og há- og naglasnyrtingu fyrir eldri borgara sem búa heima, að það stríddi gegn samkeppnissíðnarmiði. Að hafna tillögunni á grundvelli samkeppnissíðnamiða eru ekki haldbær rök þar sem allir snyrtifræðingar og hársnyrtar geta átt kost á að biðnusta fólk í heimahúsi. Fulltrúi flokks fólksins spyr hvort ekki sé hægt að finna leiðir til mæta þörfum þeirra eldri borgara sem þarfnast há- og hand/fótsnyrtingar en ekki komast út vegna slappleika eða fötlunar? Hér er um lýðheilsuþmál að ræða og sjálfsögd mannréttindi. Spurt er jafnframt eftirfarandi: Í hvað miklum mæli er boðið upp á fyrrnefnda biðnustu í biðnustu- og félagsmálalúsnæði Reykjavíkurborgar sem ætlað er eldri borgurum og örvrkjum? Hvernig er val á biðnustuveitendum háttað, umsóknarferlið? Hver ber ábyrgð á þeirri biðnustu sem hér um ræðir, hver annast eftirlit? Eru hárgreiðslu- og snyrtiaðstaða þar sem þær eru til staðar á félagsmálamiðstöðvum fyrir aldraða allar í notkun? Á Reykjavíkurborg húsnæði allra félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara?

22. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á málum (tilvísunum) sem vísað hefur verið til skólabiðnustu. Óskað er sundurliðun mála í þrjá flokka: Í fyrsta flokki væru þyngri mál sem krefjast yfirgripsmikillar greiningar á vitsmunabroska WISC (Wechsler vitsmunabroskapróf) ADHD greiningar, skimunar á Asperger-heilkenni, einhverfu og kvíða- og bunglvndiseinkennum. Hér er um að ræða mál sem fagfólk og foreldrar eru sammála um að nauðsynleg sé að framkvæma til að aðstoða barnið. Þetta er sá hópur sem séð er fyrir að þurfi jafnvel enn ítarlegri greiningu og meðferð á þroska- og hegðunarstöð, Greiningarstöð ríkisins eða Barna- og unglingageðdeild. Í öðrum flokki væri um að ræða mál sem eru þess eðlis að hægt er að leysa þau innan skólans með fagfólki. Hluti þeirra gætu bó þurft aðkomu barnalæknis til að hægt sé að setja þau í viðeigandi farveg. Gera þarf skimun með því að leggja fyrir kvarða og próf (Kiddie-Sads, ADIS kvíðagreiningarviðtalið, ADHD skimunarlista). Í þriðja flokki væru tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf sálfræðinga (PMT) og stuðningi við kennara. Hér er um að ræða sálfræðivinnu sem unnin er í samráði við kennara og foreldra. Í þessum flokki er einnig beiðni um námskeið, hópavinnu og fræðslu.

23. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvernig velferðarsvið er að bregðast við kröfu um aukna næringu til eldri borgara sem fá heimsendan mat nú þegar covid aðstæður hafa staðið vikum saman og fólk ekki að geta farið út eins og það er kannski vant. Í umræðunni hefur verið hvort heimsendur matur til eldri borgara sé nógu næringarríkur. Dæmi eru um að eldri borgari sem fær heimsendan mat hefur þurft að fara á sjúkrahús vegna næringarskorts. Skoða þarf bæði samsetningu matarins

og framleiðslu hans í þessu sambandi. Einnig ætti að vera sjálfsagt að bjóða upp á næringardrykki með matnum og umfram allt á að vera val, t.d. á fólk að hafa val um hvort það vill meira eða minna grænmeti. Nú hefur ríkt einstakt ástand og eru jafnvel enn meiri líkur á að eldri borgarar burfi sérstaklega mikinn og næringarrikan mat vegna færri ferða út úr húsi til að forðast COVID smit.

24. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins fékk skevti frá einstaklingi sem hefur brisvar revnt að ná til einnar þjónustumiðstöðvar vegna mála er varðar heimabiðnustu og heimahiúkrun. Spurt er hvað er velferðarsvið að gera til að tryggja að þjónustumiðstöðvar svari erindum borgarbúa?

Þessi einstaklingur hefur ekki fengið nein viðbrögð og engin svör. Fulltrúi Flokks fólksins vill ítreka tillögu sína til velferðarsviðs um að svara erindum borgarbúa eða í það minnsta láta vita að skevti er mótttekið og málið í skoðun og að svarað verði innan skamms. Fólk á ekki í neyð sinni að þurfa að hafa samband við borgarfulltrúa til að fá áheyrn velferðarkerfis borgarinnar.

25. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nýlega féll úrskurður í Úrskurðarnefnd Velferðarmála í máli fatlaðs ungs manns sem beðið hefur árum saman á biðlista eftir húsnæði. Þetta er alvarlegt mál, ekki enn er tilbúið húsnæði fyrir bennan aðila og verður ekki á næstunni. Fram kemur hjá aðstandanda við borgarfulltrúa Flokks fólksins að upplýsingum frá borginni ber ekki alltaf saman og stundum er sagt að umsóknin hafi ekki tekið gildi fyrr en drengurinn varð 18 ára. Spurt er hvað ætla velferðaryfirvöld að gera fyrir bennan dreng til að bæta honum upp biðina og bæta fjölskyldunni þann skaða sem biðin hefur valdið þeim?

Fundið slitið kl. 16:07

Heiða Björg Hilmysdóttir formaður (sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir
Kolbrún Baldursdóttir
Egill Þór Jónsson

Alexandra Briem
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Ragna Sigurðardóttir